

53

5. júní

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölum þeim, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1958.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Guðm. Í. Guðmundsson.*

Stjórnartíðindi 1958, A. 7.

54

29. ágúst

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna gildistöku reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sem sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins, beri brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, þannig að refsíákvæði laga nr. 5 18. maí 1920 gildi um brot gegn ákvæðum reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 70 30. júní 1958.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. 1. mgr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958 skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. mgr. 1. gr. laga nr. 82 8. des. 1952, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1958.

54

29. ágúst

*Gjört að Bessastöðum, 29. ágúst 1958.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Hermann Jónasson.***AUGLÝSING**

55

10. júlí

**um samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands  
um vegabréf og áritanir á þau.**

Með erindaskiptum, dags. 29. maí og 14. september 1956, milli sendráðs Sambandslýðveldisins Þýskalands og utanríkisráðuneytisins, var gert samkomulag um að falla frá kröfu um vegabréf fyrir flugmenn og starfsmenn flugfélaga, sem hafa hér örstutta viðdvöl.

Þá var með erindaskiptum, dags. 21. júní og 14. september 1956, gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli landanna, enda sé ekki um dvöl í atvinnuskyni að ræða er fari fram úr 3 mánuðum. Þurfi áritun á vegabréf skal hún veitt ókeypis.

Enn fremur var með erindaskiptum, dags. 31. marz og 9. apríl 1958, gert samkomulag um að afnám vegabréfsáritana skuli einnig taka til Berlínar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. júlí 1958.***Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Henrik Sv. Björnsson.***AUGLÝSING**

56

21. júlí

**um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.**

Hinn 30. júní 1958 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1958 til 31. marz 1959. Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári (Stj.tíð. A. 70/1957).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 21. júlí 1958.***Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Henrik Sv. Björnsson.*

A 14